



ERINDISBRÉF SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTANEFNDAR

I. Kafli Umboð og hlutverk

1. gr.

Samgöngu- og fjarskiptanefnd Rangárþings ytra er skipuð af sveitarstjórn Rangárþings ytra og heyrir undir sveitarstjórn. Nefndin fer með þau mál sem tengjast samgöngum og fjarskiptamálum í sveitarfélaginu.

2. gr.

Samgöngu- og fjarskiptanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn í upphafi kjörtímabils. Kjörtímabil fulltrúa miðast að jafnaði við kosningar til sveitarstjórnar nema sveitarstjórnin ákveði annað. Að jafnaði kýs sveitarstjórnin formann nefndarinnar og á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns.

3. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um samgöngubætur í sveitarfélaginu og vera í samstarfi við Vegagerðina um vegabætur í sveitarfélaginu á grundvelli Vegalaga. Hlutverk nefndarinnar er einnig að fjalla um fjarskiptamál í sveitarfélaginu þ.m.t. ljósleiðara- og símamál. Sveitarstjórn skal að jafnaði vísa erindum er varða samgöngu- og fjarskiptamál til nefndarinnar til úrvinnslu og/eða tillögugerðar.

4. gr.

Meðal árlegra verkefna nefndarinnar er að gera tillögur um framkvæmdir á héraðs- og styrkvegum innan sveitarfélagsins.

Samgöngu- og fjarskiptanefnd skal árlega skila tillögum til sveitarstjórnar um þau verkefni sem nefndin telur að vinna beri að, er varða samgöngubætur og fjarskiptamál. Einnig skal nefndin vinna að tillögu um forgangsöröðun framkvæmda í sveitarfélaginu til allt að fjögurra ára í senn. Nefndin skal taka til afgreiðslu eða umfjöllunar önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.

II. Kafli Starfsmenn, fundir og starfshættir

5. gr.

Forstöðumaður Eigna- og framkvæmdasviðs er starfsmaður nefndarinnar. Hann undirbýr og boðar fundi nefndarinnar í samráði við formann og annast ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á



Erindisbréf nefnda Rangárbíngs ytra – Kjörtímabilið 2014-2018

fundum nefndarinnar. Forstöðumaður Eigna- og framkvæmdasviðs sér um að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar, eftir atvikum í samráði við sveitarstjóra og þegar sveitarstjórn hefur staðfest þær. Nefndin fundar eins oft og þörf er fyrir og verkefni kalla á en að minnsta kosti árlega. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í Samgöngu- og fjarskiptanefnd æskir þess.

6. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með skriflegu fundarboði og því skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar Samgöngu- og fjarskiptanefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

7. gr.

Ákvarðanir Samgöngu- og fjarskiptanefndar taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Nefndin skal vinna á grundvelli markmiðssetningar sem sveitarstjórnin setur hverju sinni. Nefndin getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum

8. gr.

Starfshættir nefndarinnar eru í samræmi við staðfestar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Rangárbíngs ytra. Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir Samgöngu- og fjarskiptanefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina

III. Kafli Gildistaka

9. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárbíngs þann 9. desember 2015 og tekur þegar gildi.